



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Lagfæringar á gatnamótum Hallsvegar/Víkurvegar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði leggja það til að lagfæring verði gerð á gatnamótum Hallsvegar/Víkurvegar þar þarf að fara fjórum sinnum yfir götu til að þvera veginn. Þarna eru engar sebrabrautir og engin gönguljós. Fulltrúarnir leggja það til að þarna verði setta sebrabrautir eða gönguljós til þess að auka öryggi þeirra sem eru gangandi og hjólandi líkt og er á öðrum sambærilegum gatnamótum í Grafarvogi.

Í ofangreindri tillögu felst að breytingar verði gerðar á gönguleið yfir Hallsveg, þar sem hann mætir Víkurvegi, á þann hátt að þar verði sett merkt gangbraut eða gönguljós.

Vegagerðin er veghaldari Hallsvegar og Reykjavíkurborg er veghaldari Víkurvegar. Reykjavíkurborg vinnur í samræmi við leiðbeiningar um gönguþveranir sem útgefnar eru af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg. Leiðbeiningarnar, sem bera heitið *Gönguþveranir - Leiðbeiningar*, eru aðgengilegar á heimasíðu Vegagerðarinnar. Í inngangskafli leiðbeininganna er vísað til þess að í vissum tilvikum geti merking gangbrauta án annarra aðgerða veitt falska öryggiskennd og meginmarkmið leiðbeininganna er að samræma ákvarðanir um útfærslu gönguþverana. Því er mikilvægt að gera merktar gangbrautir eins öruggar og hægt er með öðrum aðgerðum. Ef fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda sem þvera götuna er lítill, í hlutfalli við umferð bíla, getur öryggi þeirra sem þvera á gangbraut verið minna en ef hún væri ekki til staðar.

Samkvæmt síðustu talningu á Víkurvegi sunnan við Hallsveg, sem framkvæmd var yfir um sex klukkustunda tímabil þann 7. nóvember 2019, milli klukkan 7 - 10 og 15.13 - 18.30, þveruðu 55 manns gatnamótin, þar af 27 gangandi og 28 hjólandi. Ársdagsumferð á Víkurvegi í mars 2018 var 2.889 bílar á sólarhring. Miðað við framangreindar forsendur er það mat sérfræðinga borgarinnar, í samræmi við fyrrnefndar leiðbeiningar, að merking gangbrautar á umræddri gönguþverun, án frekari aðgerða, væri líkleg til að veita gangandi og

hjólandi vegfarendum falskt öryggi. Gönguleiðir skólabarna liggja ekki um gatnamótin skv. kortlagningu á gönguleiðum skólabarna og þar hafa ekki orðið slys á gangandi eða hjólandi vegfarendum skv. skráningu Samgöngustofu.

Ekki er algengt að sett séu gönguljós í borginni á gatnamótum án umferðarljósastýringar. Þó má finna þess dæmi, svo sem á göngubrunum yfir Eiðisgranda við Keilugranda. Um þau fer sambærilegur fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda, þ.e. samtals 46 á sex klukkustunda tímabili við síðustu talningu í febrúar 2019, en ársdagsumferð er rúmlega fjórföld á við umræddan kafla á Hallsvegi eða um 12.241 bílar á sólarhring.

Það er mat sérfræðinga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar að umferð um Hallsveg sé of lítil til að ráðlagt sé að koma þar fyrir sérstökum gangbrautarljósum. Til greina kemur að skoða breytingar á útfærslu gatnamótanna til að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur. Það er þó háð forgangsröðun slíkra aðgerða í borginni. Við þá forgangsröðun er m.a. horft til þess hvort um sé að ræða gönguleið skólabarna og hvort þar hafi orðið slys á gangandi eða hjólandi vegfarendum. Komi til þess í framtíðinni að ljósastýring verði sett á gatnamót Hallsvegar og Víkurvegar, má vænta þess að þar verði einnig sett gönguljós.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri